

Nd.

348. Frumvarp til laga

[185. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Blindrafélagsins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Árið 1963 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,
Krabbameinsfélags Reykjavíkur,
Blindrafélagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur á undanförnum þingum flutt frumvörp um skattfrelsi vinninga í happdrættum flestra þeirra félaga, sem talin eru í 1. gr. frumvarpsins, og hefur það verið gert að beiðni félaganna. Að þessu sinni bætist Blindrafélagið við. Öll þessi félög vinna að góðum málum, og eru happdrættin verulegur þáttur í fjáröflun þeirra. Þess vegna hefur heilbrigðis- og félagsmálanefnd talið rétt að verða við fram komnum óskum nú eins og áður, og er frumvarpið flutt í sama formi og s. l. ár.